

REGLUGERÐ

um slysatryggingu við heimilisstörf.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um slysatryggingu við heimilisstörf samkvæmt 8. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015.

Sá sem fyllir út viðeigandi reit á skattframtali í byrjun árs telst slysatryggður við heimilisstörf frá 1. júlí þess árs til 30. júní 112. árið gr. eftir laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, enda hafi skattframtalinu verið skilað til skattyfirvalda innan lögbundins frests.

Ekki er unnt að óska eftir slysatryggingu við heimilisstörf eftir að skattyfirvöld hafa mótttekið skattskýrslu.

2. gr.

Með slysi er átt við skyndilegan ~~utanaðkomandi óvæntan~~ atburð sem veldur meiðslum á líkama ~~þess~~ hins ~~sem tryggður er tryggða~~ og gerist án vilja hans.

3. gr.

Slysatryggingin nær til heimilisstarfa, sbr. 4. gr., sem innt eru af hendi hér á landi á heimili hins tryggða og í sumarbústað þar sem hinn tryggði dvelur. Sama á við um heimilisstörf sem stunduð eru í bílskúr og geymslum, afmörkuðum garði og í innkeyrslu umhverfis heimili eða sumarbústað hins tryggða.

4. gr.

Til heimilisstarfa í reglugerð þessari teljast m.a. eftirtalin störf, séu þau ekki liður í atvinnustarfsemi hins tryggða.

1. Hefðbundin heimilisstörf, svo sem matseld og þríf.
2. Umönnun sjúkra, aldraðra og barna.
3. Viðhaldsverkefni og viðgerðir.
4. Hefðbundin garðyrkjustörf.

5. gr.

Undanskilin slysatryggingu við heimilisstörf eru m.a.:

1. Slys sem hinn tryggði verður fyrir við ýmsar persónulegar daglegar athafnir sem ekki teljast til hefðbundinna heimilisstarfa, svo sem að klæða sig, baða og borða.
2. Slys sem hinn tryggði verður fyrir á ferðalögum, svo sem í tjaldi, hjólhýsi og á hóteli.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 8. gr. og 23. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 670/2012 um slysatryggingar við heimilisstörf.

- Velferðarráðuneytinu, 6. júní 2017. -

- Óttarr Proppé
heilbrigðisráðgjafi.

- Vilborg Ingólfssdóttir -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.